

Mál nr. 126/2007

M
og
X hf. vegna A
og
Y hf. vegna B

Árekstur á gatnamótum Grensásvegar og Miklubrautar 5. júní 2007

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. júlí 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur X dags. 27. júlí 2007.
3. Bréf Y dags. 23. júlí 2007.

Málsatvik.

Skv. lögregluskýrslu ók ökumaður A inn á aðrein að Miklubraut til vesturs að Grensásvegi er hún stöðvaði bifreiðina til að hleypa yfir gangandi vegfarendum. Ökumaður A fullyrðir að ekið hafi verið aftan á bifreiðina. Ökumaður B ók sömu aðrein. A, sem var á undan henni hafi stöðvað skyndilega. Ökumaðurinn snarhemlaði og beygði aðeins til vinstri. Ökumaðurinn taldi sig ekki hafa ekið aftan á A, en segist hafa fundið fyrir höggi þegar hún hemlaði, en þó ekki höggi eins og við árekstur.

Álit.

Af gögnum málsins verður að telja nægilega sannað að B hafi lent aftan á A.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík, 7. ágúst 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.